
F U N D A R G E R Ð

Fundur:	Raforkuhópur 2007-01
Fundartími:	Priðjudagur 6. febrúar 2007 kl. 13:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Hitastigsleiðrétting, Trausti Jónsson. 2) Skipan starfshópsins og skipulag vinnu. 3) Raforkunotkun ársins 2006. 4) Fréttatilkynning um raforkunotkun 2006. 5) Notkunarflokkar raforku 2006 og gögn um afl. 6) Skipulag gagnasöfnunar og úrvinnsla. 7) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Íris Baldursdóttir Agnar Árnason Sigurður Ágústsson Pétur E. Þórðarson Ívar Þorsteinsson Ásgeir Sigtryggsson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Gunnar Aðalsteinsson

- 1) ÍB bauð Traust Jónsson velkominn á fundinn. JV sagðist hafa rætt við Trausta um að koma á fundin til aðstoða okkur við að meta hvaða viðmið á að nota þegar raforkunotkun er hitastigsleiðrétt en síðast þegar slíkt var endurskoðað kom Trausti einnig á okkar fund (31. ágúst 1990). Trausti fór yfir mælingar á lofthita í Stykkishólmi 1798-2006 og sagði að lofthiti hefði hækkað um 0,7-0,8°C á öld á þessu tímabili. Umtalsverðar sveiflur eru milli ára en hæstur varð hitinn árið 2003. Hann sagði að það væri ólíklegt að það skipti úr hlýju ári beint yfir í mjög kalt ár. Þegar litið er árstíðirnar sést að hlýnun hefur verið mest að vetrinum eða 1,2°C á öld en sumarhiti hefur einungis hækkað um 0,2°C á öld. Vor og haust eru síðan svipuð eða með 0,7-0,8°C hlýnun á öld. Hann bar saman tölur um lofthita hér á landi og á Grænlandi og Englandi og hefur þróun verið svipuð á þessum stöðum.

Hann fjallaði síðan um spá sem Kristján Jónasson stærðfræðingur vann fyrir OR árið 2003 og er að finna á heimasíðu Veðurstofunnar. Þar er áætlað að hitinn muni öllum

líkindum halda áfram að hækka. Trausti taldi áhugavert að endurtaka þessa reikninga út frá rauntölum áráanna 2004-2006. Einnig nefndi hann að kuldaköst hafi verið skarpari um 1960 en nú væntanlega vegna hafíss en bæði vindar og hiti hafa áhrif á hafís hér við land. Ef ís fer minnkandi mun draga úr verstu kuldaköstum. Varðandi notkun á 30 ára meðaltölum benti hann á að í Noregi hefði lengi verið notað tímabilið 1930-1960 sem var mjög þurr títabil en síðan var farið yfir í tímabilið 1960-1990 sem á móti var mjög blaut títabil svo meðaltölu frá þessum tímabilum hefðu ekki virkað mjög vel.

Þá ræddi hann um nýja skýrslu IPCC (The Intergovernmental Panel on Climate Change) og benti á útdrátt úr þeirri skýrslu á heimasíðu Veðurstofunnar en þar er einnig krækja yfir á heimasíðu IPCC. Spáð er mestri hlýnun á norðurslóðum og á meginlöndum. Þó virðist vera gert ráð fyrir minni hlýnun umhverfis Ísland. Hann benti á að ýmsir þættir hefðu áhrif á hitafar svo sem eldsgos, ryk á andrúmslofti, magn gróðurhúsalofttegunda og breytingar á landnýtingu sem hafa áhrif á endurskyn frá jörðinni. Hann sagði nú telja áhrif frá virkni sólar vera minni en hann hefði gert ráð fyrir áður fyrr. Hann sagði að fleiri skýrslur væru væntanlegar frá IPCC á næstunni. ÍB þakkaði Trausta fyrir komuna og vék hann af fundi.

- 2) Farið var yfir skipulag starfsins og ákveðið að miða við óbreytt fyrirkomulag á árinu. Út frá reynslu síðasta árs var Ásgeiri Sigtryggsson boðið sæti í hópnum til frambúðar og var hann tilbúinn til þess.
- 3) JV fór yfir tölur um raforkunotkun ársins 2006. Hann sagði að tölurnar væru ekki alveg endanlega þar sem eftir væri að fara betur yfir þær og flutningstöpin pössuðu ekki alveg við tölur Landsnets en þar munar um 5 GWh. Vinnslan á aftur á móti einungis eftir að breytast smávægilega. Samkvæmt þessum tölum hefur almenn notkun aukist um 4,9% á milli ára sem eykst í 5,4% eftir hitastigsleiðréttingu og stórnotkun hefur aukist um 20,6%. JV sagði að aukning í forgangsorku væri 5,3% og 5,7% eftir leiðréttingu. Ótryggð orka jókst um 1,9%. JV mun tilkynna þegar tölurnar verða orðnar endanlega og þá verða þær birtar á heimasíðu orkuspárnefndar.
- 4) JV spurði hvort hópurnir ætti að taka saman fréttatilkynningu um notkun síðasta árs eins og hann hefur gert undanfarin ár. Á síðasta ári var tilkynningin birt af Orkustofnun. Spurning væri hvort við mundum ekki setja þetta á heimasíðuna hjá okkur og síðan ákveður Orkustofnun hvort hún vilji senda fréttatilkynninguna út til fjölmiðla. Ef svo er yrði hún ekki sett á heimasíðuna fyrr en Orkustofnun hefur sent hana út. Samþykkt var að JV tæki þetta saman á svipuðu formi og á síðasta ári.
- 5) IB sagði að einungis væru komnir notkunarflokkar frá Hitaveitu Suðurnesja. AA sagðist vera að vinna í því að ganga frá notkunarflokkunum. IB sagði að aflgögn væru komin veitunum og sýndi niðurstöður varðandi vinnslu raforku. Landstoppur kom 18. desember

milli kl 10 og 11 og var rúmlega 1.430 MW. Einnig sagði IB að í ljós hefði komið villa í töflu 2 í endurreiknaðri spá hvað varðar afl og hefði sú tala verið leiðrétt ásamt töflum um afl í viðauka 4. Landsnet hefði fengið nýjar töflur en skýrslan hefur ekki verið endurútgefin.

- 6) JV sagði að Verkfræðistofan AFL mundi ganga frá gögnum ársins 2006 en síðan tæki Orkustofnun við að safna gögnum frá Landsneti og Netorku og að fara yfir þau gögn og ganga frá þeim.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 16:00. Næsti fundur ákveðinn 6. mars 2007.

Jón Vilhjálmsson

Sýnt var en ekki dreift:

- Myndir Trausta Jónsson um hitafar (PPT skjal fékkst eftir fundinn).
- Kristján Jónasson, 2003: "Spá um meðalhita í Reykjavík 2004-2035". Veðurstofa Íslands, greinargerð 03041.
- Fjórða skýrsla IPCC. Útdráttur á heimasíðu Veðurstofu Íslands.
- Töflum um raforkuvinnslu og notkun á árinu 2006.
- Myndir um álag á virkjanir árið 2006.